

frá 20. júní 2003

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002 frá 12. desember 2002 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu ⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 349, 24.12.2002, bls. 126, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr:

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 1f (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001) í XV. viðauka við samninginn:

„Aðstoð til eflingar atvinnu

1g. **32002 R 2204:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2204/2002 frá 12. desember 2002 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til eflingar atvinnu (Stjtið. EB L 337, 13.12.2002, bls. 3), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 349, 24.12.2002, bls. 126.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „87. og 88. gr. EB-sáttmálans“ komi orðin „61. og 62. gr. EES-samningsins“.
- b) Í stað orðanna „1. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- c) Í stað orðanna „b-lið 2. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „b-lið 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- d) Í stað orðanna „3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.

- e) Í stað orðanna „3. mgr. 88. gr.“ komi orðin „3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.
- f) Í stað orðanna „a-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „a-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- g) Í stað orðanna „c-lið 3. mgr. 87. gr. sáttmálans“ komi orðin „c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- h) Í stað orðsins „aðildarríki“ (í hvaða tölu og falli sem er) komi orðin „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“ (í viðeigandi tölu og falli).
- i) Í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ (í hvaða falli sem er) komi orðin „lögber eftirlitsstofnun eins og hún er skilgreind í 62. gr. EES-samningsins“ (í viðeigandi falli).
- j) Í stað fyrsta málsliðar 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi: „Reglugerð þessi skal gilda um aðstoð í öllum atvinnugreinum sem falla undir 61.–64. gr. EES-samningsins, að meðtalinni starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu eða sölu á vörum sem taldar eru í viðbæti við viðauka þennan og falla undir samninginn.“
- k) Í stað orðanna „sameiginlega markaðnum“ í 3. og 11. gr. komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.
- l) Upplýsingarnar sem um getur í I. viðauka ber að senda á netfangið registry@eftasurv.int.
- m) Skýrslurnar sem um getur í II. viðauka ber að senda á netfangið registry@eftasurv.int“.

2. gr:

Texti reglugerðar (EB) nr. 2204/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr:

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 337, 13.12.2002, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.